

Fjallskilanefnd Álftaversafréttar

Fundur fjallskilanefndar Álftaversafréttar haldinn að Mýrum 22. ágúst 2016.

Mættir eru: Páll Eggertsson, Jóhannes Gissurarson, Örvar Egill Kolbeinsson og Þormar Ellert Jóhannsson.

Formaður setur fundinn og býður fundargesti velkomna. Formaður leggur fram drög að fjallskilaseðli 2016, annars vegar miðað við 90 dagsverk og 100 dagsverk hins vegar. Landverð 40% og fjártala 60%, sem fyrr. Fjallskilaseðill samþykktur miðað við 90 dagsverk.

Jóhannes Gissurarson kjörinn fjallkóngur áfram.

Daggjald á afrétti verður 13.835 haustið 2016.

Viðhald mannvirkja: Ákveðið að hittast síðar og skoða hugsanlega stækkun á lögréttinni. Einnig þyrfti að líta á gerði við Jökulkvísl.

Áætlað að fara í 1. safn föstudaginn 9. september.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Þormar Ellert Jóhannsson